

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 202/2016, um hrognkelsaveiðar 2016.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Veidisvæði og veiðitímabil.

Grásleppuveiðileyfi hvers báts skal gefið út til 20 samfelldra daga í upphafi, þar til ákvörðun um heildarfjölda daga hefur verið tekin og skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitímabil eins og hér greinir:

- A. Faxaflói, frá línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita 64°04,90' N 022°41,40' V að línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurtanga (-flögum) 64°45,00' N 023°55,30' V.
Innan veiðitímabilsins frá og með 1. apríl til og með 14. júní.
- B. Breiðafjörður, svæði 1 frá línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurtanga (-flögum) 64°45,00' N 023°55,30' V að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum 65°30,20' N 024°32,10' V.
Innan veiðitímabilsins frá og með 1. apríl til og með 14. júní.
Breiðafjörður, svæði 2 innan línu sem dregin er úr Krossnesvita vestan Grundarfjarðar 64°58,30' N 023°21,40' V í Lambanes vestan Vatnsfjarðar 65°29,30' N 023°12,60' V.
Innan veiðitímabilsins frá og með 20. maí til og með 2. ágúst.
- C. Vestfirðir, frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum 65°30,20' N 024°32,10' V að línu réttvísandi norður frá Horni (grunnpunktur 1) 66°27,40' N 022°24,30' V.
Innan veiðitímabilsins frá og með 1. apríl til og með 14. júní.
- D. Húnaflói, frá línu réttvísandi norður frá Horni (grunnpunktur 1) 66°27,40' N 022°24,30' V að línu réttvísandi norður frá Skagatá 66°07,20' N 020°05,90' V.
Innan veiðitímabilsins frá og með 26. mars til og með 8. júní.
- E. Norðurland, frá línu réttvísandi norður frá Skagatá 66°07,20' N 020°05,90' V að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi (grunnpunktur 9) 66°22,70' N 014°31,90' V.
Innan veiðitímabilsins frá og með 26. mars til og með 8. júní.
- F. Austurland, frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi (grunnpunktur 9) 66°22,70' N 014°31,90' V að línu réttvísandi austur frá Hvítungum (grunnpunktur 18) 64°23,90' N 014°28,00' V.
Innan veiðitímabilsins frá og með 26. mars til og með 8. júní.
- G. Suðurland, frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (grunnpunktur 18) 64°23,90' N 014°28,00' V að línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita 64°04,90' N 022°41,40' V.
Innan veiðitímabilsins frá og með 26. mars til og með 8. júní.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Reglugerðin tekur þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 17. mars 2016.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Baldur P. Erlingsson.